



Kópavogi, 2. maí 2022
22021201/211.00 RH

Efni: Kópurinn - tilnefningar og tillögur að viðurkenningum 2022

Auglýsing fyrir Kópurinn var send út í skólana og auglýst á miðlum Kópavogsbæjar 15. mars sl. og var frestur til tilnefninga til 8. apríl. Í ár þurfti ekki að framlengja frestinn þar sem nægur fjöldi tilnefninga barst áður en skilafrestur rann út.

Alls bárust 17 tilnefningar um framúrskarandi skóla- og frístundastarf frá 5 grunnskólum bæjarins, þar af fékk eitt verkefni 3 tilnefningar. Einnig var tilnefnt eitt verkefni þvert á allar félagsmiðstöðvar bæjarins.

Skóli	skólastig/aldurstig	heiti verkefnis
Álfhólsskóli	8. – 10. bekkur 6. Bekkur	- Núvitund og slökun - Ferðapjónusta 6. bekkjar
Hörðuvallaskóli	- Skóli og félagsmiðstöð 1. – 4. bekkur – Frístund 1. – 4. bekkur – Frístund	- Sértækt hópastarf - Sumarfrístund - Barnaráð
Kársnesskóli	5. – 7. Bekkur 8. – 10. Bekkur - Félagsmiðstöð	- Útikennsla á miðstigi - Þema - Hinsegin klúbbur Ekkó
Salaskóli	- Öll skólastig 10. bekkur 8. – 10. bekkur - Félagsmiðstöð	- Sköpun og tækni - Kosningaverkefni - Beint í mark - Föenix félagsmiðstöðvastarf
Snælandsskóli	5. – 7. bekkur 8. – 10. Bekkur	- Flæði - Karakter - velferðarkennsla
Félkó	Unglingastig/félagsmiðstöð	Stelpur eru stelpum bestar!

Auglýst var eftir tilnefningum til viðurkenninga fyrir framúrskarandi skóla- og frístundastarf í grunnskólum Kópavogs og að viðurkenningar væru veittar fyrir 3 – 5 verkefni sem stuðla að nýbreytni og framþróun. Með því var átt við nýjungar í skóla- og frístundastarfi eða þróunarverkefni sem fælu í sér umbætur eða sem leiddu til framfara. Auk þess væri æskilegt að verkefnið sýndi:

- að það hefði verið unnið af frumkvæði, fagmennsku og ábyrgð
- að það hefði leitt til umbóta og/eða framfara
- að það fæli í sér hvatningu til eftirbreytni



Menntaráð skipaði valnefnd til að vinna úr tilnefningu, í henni sátu:
Birkir Jón Jónsson, Hjördís Ýr Johnson, Ingibjörg Auður Guðmundsdóttir og
Jóhannes Birgir Jensson, foreldrafulltrúi.

Valnefndin fundaði miðvikudaginn 27. apríl. Nefndin ákvað að veita 6 verkefnum
viðurkenningu þetta árið og leggur til að eftirfarandi verkefni hljóti Kópinn,
viðurkenningu menntaráðs árið 2022:

Verkefni:	Stutt lýsing
Núvitund Álfhólsskóli	Val sem kennt er í 8 vikna lotum, klukkustund í senn. Námskeiðið er hluti af lífsleikni og markmiðið er að kenna nemendum leiðir til að taka ábyrgð á eigin lífsháttum og stuðla að heilbrigðum venjum sem auka bæði andlegt og líkamlegt heilbrigði. Kennslustundirnar eru skipulagðar þannig að byrjað er á innlögn þar sem teknir eru fyrir nokkrir þættir sem hafa áhrif á andlega og líkamlega líðan. Á eftir innlögn er farið í umræður um efni hennar og í nokkrum tilfellum stutt verkefni. Loks sækja nemendur sér dýnur og koma sér fyrir. Umhverfið er gert notalegt með slökunartónlist, mjúkri lýsingu og lavender ilmi. Nemendur koma sér fyrir og eftir að tónn söngskálar glymur vita þau að nú hefst slökun. Í kjölfarið er lesin hugleiðslusaga. Slökun lýkur þegar söngskálin hefur glumið aftur. Strax í 2. – 3. kennslustund eru allir nemendur farnir að njóta þess að fara í slökun. Þeir segjast finna fyrir auknu úthaldi í kjölfar slökunar og hafa meiri orku það sem eftir lifir dags. Þeir segjast koma ferskari inn í næstu kennslustund og eigi auðveldara með að fara beint úr skóla í sínar tómstundir án þess að leggja sig á milli. Nemendur sem höfðu valið námskeiðið báðu um að allar kennslustundir eftir hádegi myndu hefjast á 10 mínútna slökun.
Sumarfrístund Hörðuheima Hörðuvallaskóli	Í fyrravor kviknaði sú hugmynd hjá forstöðukonum Hörðuheima að nauðsynlegt væri að halda úti sumarfrístund á vegum Kópavogsbæjar, með áherslu á að börnin þekktu umhverfið og starfsfólkið. Í sumarfrístund er lögð áhersla á öryggi og kunnuglegt umhverfi í bland við lærdóm, leik og gleði. Mikil metnaður er settur í það að hafa dagskránnar fjölbreytta og skemmtilega þannig að allir gætu fundið viðfangsefni við hæfi. Sumarfrístund byggist á útivist, hreyfingu, leikjum, ferðum, íþróttum og ýmsum ævintýrum í nær- sem fjærumhverfi. Einnig var lesið, fönðrað, spilað og stuðlað að frjálsum leik. Verkefnið nýttist sérstaklega vel þeim börnum sem eiga erfitt með að takast á við nýjar aðstæður. Þau börn áttu kost á að sækja sumarnámskeið í kunnuglegu umhverfi með starfsfólki sem hefur mikla reynslu og þekkingu. Þau börn sem eru í Hörðuvallaskóla njóta þess líka að þekkja starfsmennina frá vetrarstarfinu og það skapar mikið öryggi.



	Ánægja meðal foreldra og barna eftir sumarið 2021 var mikil. Þeim fannst vanta sumarabþreyingu fyrir þau börn sem þrífast mögulega ekki í íþróttum eða öðru sambærilegu starfi. Börnunum fannst huggun og öryggi í því að þekkja starfsfólkið og húsnæðið. Það hefur nú þegar verið kallað eftir því að námskeiðið verði haldið aftur og verður það starfrækt aftur í sumar.
<i>Hinsegin klúbbur Ekkó</i> Kársnesskóli	Hinsegin klúbbur Ekkó starfar eitt kvöld í viku og er liður í að hinseginvæða umhverfið í kringum unglingana. Markmiðið er að allir unglingar finni að þau eigi stað og öruggt rými innan félagsmiðstöðvarinnar og innan skólans, til að vera þau sjálf. Hinsegin klúbburinn er vettvangur til að hjálpa þeim í að finna hver þau eru, spjalla í trúnaði ásamt því að kynnst fleiri unglingum og hópum utan síns nærumhverfis. Unglingarnir hafa samastað, öruggt skjól, rými og næði til að kynnst sjálfum sér og öðrum. Þeim gefst tækifæri á aukinni félagslegri virkni og geta gengið að sínum stað í Ekkó vikulega þar sem þau hitta hvert annað, geta verið í næði eða ef þau kjósa. Mæting hefur aukist, unglingarnir hafa fundið hugrekki til að tjá sig um eigin kynhneigð og hvaða fornöfn þau vilja nota. Félagsleg tengsl hafa styrkst, þau hafa eignast nýja vini innan og utan skólans. Klúbburinn hefur í samstarfi við starfsmenn félagsmiðstöðvarinnar gert hinseginleikann sýnilegri innan veggja skólans og og bæði starfsmenn Ekkó og skólans hafa lært meira um hvernig hægt er að mæta þörfum unglinganna.
<i>Sköpun og tækni</i> Salaskóli	Sköpun og tækni er sameinuð verk-, list- og tæknigrein. Nemendur vinna sínar eigin hugmyndir úr allskyns efnum og úreltum hlutum sem til falla og skapa þeim nýtt hlutverk eftir eigin hugmyndum. Sköpun og tækni er góð viðbót við aðrar list- og verkgreinar. Í sköpun og tækni kljást nemendur við ýmis verkefni og hafa unun að. Þetta eru nemendur sem finna sig ekki endilega í bóklegum greinum og líður stundum illa. Unnið er með sköpunargáfu og áhugasvið nemenda. Verkefnið hefur komið mörgum af stað í skapandi vinnu og eins komið á móts við nemendur sem annars eru að detta út úr bóklegum greinum skólans. Árangur verkefnisins sýnir sig í að nemendum líður betur og þessir tímar eru hvati til að mæta í skólann.
<i>Karakter – velferðarkennsla á unglingastigi</i> Snælandsskóli	Karakter er velferðarkennsla á unglingastigi sem byggir á fræðum jákvæðrar sálfræði og samþættir lífsleikni, forvarnafræðslu og mannrækt. Þróunarverkefni sem hófst haustið 2020 í þeim tilgangi að stuðla að velfarnaði nemenda og efla þá sem einstaklinga. Hugmyndin er að búa til samfellu í gegnum unglingastigið þar sem tekin eru fyrir ákveðin viðfangsefni á hverju skólaári og móta þannig velferðarkennslu í skólastarfi með markvissum



	hætti. Tilgangur velferðakennslunnar er að stuðla að vellíðan og seiglu með áherslu á mannrækt og sjálfsþekkingu. Nemendur efla þætti á borð við hugarfar, bjartsýni, þrautseigju, félags- og tilfinningahæfni um leið og þeir fá fróðleik margvíslega þætti lífsins sem ekki er fjallað um með beinum hætti í öðrum námsgreinum. Nemendur fá verkfæri og læra leiðir til þess að taka ákvarðanir, leysa mál á uppbyggilegan hátt, þjálfra gagnrýna og skapandi hugsun, eflast í samskiptum, læra á tilfinningar sínar og annarra svo eitthvað sé nefnt.
<i>Stelpur eru stelpum bestar</i> Félkó	Félagsmiðstöðvar í Kópavogi fóru af stað með sumarhóp (sumarið 2021) fyrir stúlkur sem fæddar voru árið 2007 og þær sem eru fæddar 2008 og eru ári á undan í skóla. Verkefnið er unnið út frá niðurstöðum frá Rannsókn og greiningu, rannsókn sem gerð var á 59.000 íslenskum unglingum og kom fram að COVID-19 hefur haft skaðleg áhrif á andlega heilsu unglinga, þá sérstaklega á meðal stúlkna. Allar þær sem skilgreina sig sem stelpur voru velkomnar óháð búsetu eða skóla. Hist var alla mánudaga frá 14.júní -26.júlí frá klukkan 19:30 – 22:00. Hópnum var stýrt af starfsmönnum frá félagsmiðstöðvum Kópavogsbæjar. Í hópinn gátu stelpur komið óháð búsetu og myndað vináttutengsl við aðrar stelpur úr öðrum hverfum í skemmtilegu og notalegu umhverfi. Verkefnið snérist út á það að efla stelpurnar félagslega og búa til vettvang þar sem auðveldara væri t.d. að eignast vinkonur eða koma sjálfri sér á framfæri. Árangurinn innan hópsins sýndi sig fljótt og var mikil ánægja bæði meðal stelpnanna sem og hjá foreldrum þeirra. Einhver vinatengsl vara ennþá síðan í sumar sem og að einhverja af þeim sem tóku þátt náðu að skríða loksins aðeins lengra út úr skelinni.

Kópurinn, verður veittur við hátíðlega athöfn í hátíðarsal Álfhólsskóla-Hjalla, fimmtudaginn 12. maí kl. 14:00 og þar munu höfundar þeirra verkefna sem hljóta viðurkenningu kynna verkefni sín. Einnig verða kynnt stuttlega þau önnur verkefni sem tilnefnd voru.

Virðingarfyllst,

Hekla Hannibalsdóttir
Verkefnastjóri grunnskóladeildar